

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Elliheimilis Vestmannaeyjakaupstaðar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðgjafi 1. apríl herra 1. apríl 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elliheimilis Vestmannaeyjakaupstaðar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elliheimilis Vestmannaeyja.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 18. nóv. 1948 til minningar um Mörtu Jónsdóttur, frá Baldurshaga í Vestmannaeyjum, af börnum hennar og tengdabörnum.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur. Sjóðinn skal ávaxta í banka eða sparisjóði.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eða gleðja gamalmenni, sem hverju sinni dvelja á Elliheimili Vestmannaeyja.

### 5. gr.

Höfuðstólinn, kr. 5000.00, og aðrar tekjur en vexti má aldrei skerða, en vexti af höfuðstól og öðrum tekjum má nota jafnóðum.

### 6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu á minningarspjöldum, áheitum og gjöfum.

### 7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum bæjar-sjóðs.

### 8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa ráðskona Elliheimilis Vestmannaeyja, sóknarpresturinn í Vestmannaeyjum og bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.